

Þingsályktun

um athugun á hagkvæmni lestarsamgangna.

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra, í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarfélög og stofnanir, að láta kanna hagkvæmni lestarsamgangna milli Keflavíkurflugvallar og Reykjavíkur annars vegar og léttlestakerfis innan höfuðborgarsvæðisins hins vegar. Kannaðir verði kostir þessa samgöngumáta og gallar, sem og hugsanlegar leiðir. Sjónum verði einkum beint að kostnaði og ávinningi samfélagsins og efnahagslegum, umhverfislegum og skipulagslegum áhrifum. Í þessu skyni verði leitað til sérfræðinga innan lands og utan. Niðurstöður athugunarinnar liggi fyrir um mitt ár 2016.

Samþykkt á Alþingi 1. júlí 2015.